



Internetþjónusta - skilmálar

1. Almennt

- 1.1. Skilmálar þessir gilda fyrir internetþjónustu um fastlínu (hér eftir „þjónustan“) sem Síminn veitir til heimila. *Almennir viðskiptaskilmálar Símans* gilda þar sem ákvæðum þessara skilmála sleppir. Stangist ákvæði þeirra og ákvæði þessara skilmála á, skulu ákvæði þessara ganga framur.
- 1.2. Viðskiptavinur samþykkir skilmála þessa með því að staðfesta að hafa kynnt sér skilmálana með rafrænum hætti, við samþykki tilboðs og staðfesta að hafa kynnt sér skilmálana með skriflegum hætti, við samþykki tilboðs.
- 1.3. Skilyrði þess að geta keypt þjónustuna er að viðskiptavinur hafi náð 18 ára aldri.
- 1.4. Verð fyrir þjónustuna kemur fram í verðskrá eins og hún er á hverjum tíma. Um greiðslur og útgáfu reikninga gilda ákvæði *Almennra viðskiptaskilmála Símans*.

2. Nýskráning og áskriftarbreytingar

- 2.1. Eftir að þjónusta hefur verið pöntuð reynir Síminn ávallt að tengja viðskiptavin eins fljótt og auðið er.
- 2.2. Upphaf þjónustunnar miðast við þann tíma er þjónustan verður virk og greiðir viðskiptavinur fyrir þjónustuna frá þeim degi.
- 2.3. Viðskiptavini er frjálst að gera breytingar á áskrift sinni hvenær sem er, en breyting tekur gildi frá og með næstu mánaðamótum.

3. Þjónustan, afköst og gæði

- 3.1. Um verð þjónustunnar fer samkvæmt verðskrá Símans, eins og hún er hverju sinni, en áskriftir fyrir internetþjónustu taka almennt mið af inniföldu gagnamagni. Síminn kann að þróa og bjóða upp á nýja tækni, eiginleika eða þjónustu sem viðskiptavinur getur bætt við áskriftarleið sína að kostnaðarlausu eða gegn gjaldi. Í þeim tilvikum sem ný þjónusta hjá Símanum tekur við af eldri áskilur Síminn sér rétt að færa þjónustu viðskiptavinar í nýju þjónustunum, að því gefnu að hún sé sambærileg fyrri.

- 3.2. Þjónustan er ætluð til heimilisnota og er þjónustustig við skipulagt eða óskipulagt rof á henni í samræmi við það.
- 3.3. Innifalin notkun áskriftarleiðar gildir fyrir hvern almanaksmánuð. Ónotað gagnamagn færist ekki yfir á næsta mánuð.
- 3.4. Síminn tekur ekki gjald fyrir umframnotkun á keyptu gagnamagni. Fari viðskiptavinur hins vegar yfir innifalið gagnamagn tvo mánuði í röð, áskilur Síminn sér rétt til að færa viðskiptavin í áskriftarleið sem samræmist notkun hans. Sú sjálfkrafa breyting tekur gildi um næstu mánaðamót en viðskiptavinur getur óskað þess að fara aftur í fyrri áskriftarleið, en slík breyting tekur gildi næstu mánaðamót á eftir.
- 3.5. Síminn stefnir ávallt að því að tryggja stöðugleika og gæði þjónustunnar. Tengihraði viðskiptavinar er þó alltaf háður gæðum þeirrar línu sem liggur til viðskiptavinar, fjarlægð viðskiptavinar frá símsstöð, álags á línu, auk annara þátta. Af þeim sökum getur Síminn ekki tryggt að tengihraði sé sá sami og áskrift hans segir til um.
- 3.6. IPTV og Voip þjónusta hefur forgang fram yfir internet viðskiptavinar. Notkun á t.d. sjónvarpsþjónustu getur því haft áhrif á hraða internetþjónustunnar, t.d. ef bandbreidd er mjög takmörkuð hjá viðskiptavini.
- 3.7. Í neyðarástandi, t.d. ef að sæstrengur bilar, áskilur Síminn sér þann rétt að takmarka tengingar viðskiptavina í hóflegan bithraða til þess að tryggja að allir viðskiptavinir Símans geti fengið lágmarks þjónustu.

4. Notkun

- 4.1. Viðskiptavini er óheimilt að misnota þjónustuna, t.d. með því að trufla samskipti og/eða tengingar annarra, eða hafa með nokkrum hætti áhrif á notkun annara viðskiptavina Símans.
- 4.2. Viðskiptavini er óheimilt að samnýta aðgang þjónustunnar með öðrum viðskiptavinum, hvort sem er heimilum eða fyrirtækjum. Ef í ljós kemur að viðskiptavinur misnotar búnað eða þjónustu Símans og/eða birgja þess, eða gerir öðrum aðilum það kleift með ásetningi eða gáleysi, áskilur Síminn sér rétt til að synja



viðskiptavini um þjónustu um stundarsakir eða til frambúðar.

- 4.3. Síminn áskilur sér rétt til að mæla heildarnetnotkun viðskiptavina sinna.
- 4.4. Áskriftarleið með „endalausú gagnamagni“ felur ekki í sér að notkun viðskiptavinar megi vera óhófleg. Sé notkun svo mikil að hún hafi neikvæð áhrif á gæði þjónustunnar hjá öðrum viðskiptavinum áskilur Síminn sér rétt til að takmarka eða loka fyrir þjónustuna, hvort sem er tímabundið eða til frambúðar.

5. Ábyrgð

- 5.1. Síminn ábyrgist tengingu inn í inntak hvers húss. Innanhúslagnir eru hins vegar ávallt á ábyrgð húseiganda.
- 5.2. Síminn ber enga ábyrgð á uppsetningu hugbúnaðar í eigin búnaði né heldur af tjóni sem uppsetning eða notkun hans kann að valda. Öll notkun viðskiptavinar á internetinu er á ábyrgð viðskiptavinar og tjón sem valdið er af þriðja aðila er ekki á ábyrgð Símans.

6. Uppsögn

- 6.1. Ákveði viðskiptavinur að segja upp þjónustu sinni hjá Símanum eða flytja hana annað, greiðir hann fyrir þjónustuna út þann mánuð sem henni er sagt upp í.
- 6.2. Við uppsögn ber viðskiptavini að skila endabúnaði í eigu Símans. Sé búnaði ekki skilað verður áfram gjaldfært mánaðarlegt þjónustugjald fyrir búnaðinn samkvæmt gildandi verðskrá, þar til honum hefur verið skilað.

7. Gildistími og breytingar á skilmálum

- 7.1. Skilmálar þessir gilda frá og með 1. febrúar 2025 og þar til nýir taka gildi.
- 7.2. Síminn áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum eða verðlagningu vegna þjónustunnar í samræmi við Almenna viðskiptaskilmála Símans og gildandi fjarskiptalög á hverjum tíma. Munu slíkar breytingar tilkynntar viðskiptavinum með nægilegum fyrirvara og með sannanlegum hætti.